



## Fundargerð

380. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, var haldinn miðvikudaginn 12. desember 2007, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

### Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðni J. Ólafsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Sigurvin Hreiðarsson og Ása Jónsdóttir

### Fundargerð ritaði : Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

## Dagskrá

### 1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð skólanefndar dags. 13.nóv. 2007  
Fyrirliggjandi er teikning af skólalóð, sem kynnt hefur verið skólanefnd. Búið er að taka út af þeirri teikningu og samþykka staðsetningu hringtorgs við Dunhaga og staðsetningu sparkvallar. Að mati hreppsnefndar hefur verið vel unnið við skólalóðina á þessu ári með framkvæmdum við sparkvöll, sléttun skólalóðar og lagningu bundins slitlags á lóðinni. Um framhaldið vísast til þess að nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar.  
Samþykkt samhljóða.

### 2. Sparisjóður Vestfirðinga bréf dags. 5. desember 2007.

Lagt fram bréf Sparisjóðs Vestfirðinga dagsett 5. desember 2007 er varðar áskrift að hækkun stofnfjár í Sparisjóði Vestfirðinga. Tillaga lögð fram um að Tálknafjarðarhreppur nýti sér hámarksrétt sinn til kaupa á stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga.  
Samþykkt samhljóða.

### 3. Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., að fjárhæð kr. 35.000.000.- til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3.mgr. 73.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið vegna framkvæmda á árinu 2007 og fyrirhugaðra framkvæmda árið 2008, sbr. 3.gr.laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.



Jafnframt er oddvita Tálknafjarðarhrepps, Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, kt. 261066-8319, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.

Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf., sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka og undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt samhljóða.

**4. Bréf frá Ólafi Sveini Jóhannessyni dags. 20.nóvember 2007.**

Lagt fram til kynningar sbr. tilkynningu um flutning lögheimilis 8. 11.

**5. Bréf frá Andra Þór Lefever dags. 15.nóvember 2007.**

Lausnarbeiðni Andra með vísan til 34. og 42. greinar sveitarstjórnarlaga samþykkt samhljóða.

**6. Nefndir Tálknafjarðarhrepps.**

- Félagsmálaráð, aðalmaður ( T listi)  
Pálína Kr. Hermannsdóttir verður aðalmaður og Birna Benedektsdóttir til vara.
- Þjónustuhópur aldraðra, varamaður ( T listi)  
Birna Benedektsdóttir verður varamaður.
- Kjörnefnd, aðalmaður ( D listi)  
Björgvin Smári Haraldsson verður aðalmaður.

**7. Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga.**

- Erindi frá Bæjarstjóranum í Bolungarvík og sveitarstjóra Súðarvíkurhrepps.  
Boðar er til fundar þann 17. Desember og á hann munu mæta oddviti og varaoddviti.  
Samþykkt samhljóða.

**8. Landskerfi bókasafna bréf dags. 29.nóv. 2007**

Oddvita falið að undirrita nýjan þjónustusamning við Landskerfi bókasafna.  
Samþykkt samhljóða.

**9. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið bréf dags. 29.nóv. 2007**

- Reglugerð um lögreglusamþykktir  
Lagt fram til kynningar, hreppsnefnd tekur sér sex mánuði til yfirferðar.  
Samþykkt samhljóða.

**10. Iðnaðarráðuneytið bréf dags. 20.nóv. 2007**

- Staðan er varðar þörf fyrir þriggja fasa rafmagn í sveitarfélaginu.  
Oddvita falið að svara erindinu fyrir 1. Febrúar 2008.  
Samþykkt samhljóða

**11. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 19.nóv.2007.**

- Fyrirmynd af innkaupareglum fyrir sveitarfélög.  
Hafi hreppsnefndarmenn ábendingar eða athugasemdir varðandi reglurnar þurfa þær að hafa borist oddvita fyrir næsta reglulegan fund, þar sem reglurnar verða afgreiddar.  
Samþykkt samhljóða



12. **Bréf oddvita og formanns umhverfis- og bygginganefndar til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda dags. 23.nóv.2007.**  
Oddvita falið að vinna málið áfram.Samþykkt samhljóða
13. **Bréf frá Menntamálanefnd dags. 14.nóv. 2007.**
  - Umsögn um frumvarp (sbr t.póstur 23.nóv.2007)  
Lagt fram til kynningar.
14. **Snorraverkefnið sumarið 2008, bréf dags. 9.nóv.2007**
  - Umsókn um styrk  
Styrkbeiðninni hafnað, samhljóða.
15. **Bréf frá Önnu Jóhannesdóttur, dýralækni, dags. 8.nóv.2007**
  - Stofnun örmerkjagagnagrunns gæludýra.  
Erindinu hafnað, samhljóða.
16. **Sögufélag Barðastrandasýslu, bréf dags. 22.nóv.2007**
  - Héraðsskjalasafn Barðastrandasýslu  
Hreppsnefnd lýsir fullum sturðningi við framtakið og telur eðlilegt að málið vinnist inni í samráðsnefnd.
  - Árbók Sögufélags Barðastrandasýslu, beiðni um styrk.  
Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2008.
17. **Stígamót, bréf dags. 15.nóv.2007. – beiðni um styrk.**  
Styrkbeiðninni hafnað, samhljóða.
18. **Félagsmálaráðuneytið 5.des. 2007. – stefnumörkun í barnaverndarmálum**  
Oddvita falið að koma erindinu til barnaverndarnefndar.samþykkt samhljóða.
19. **Samgönguráðuneytið, bréf dags. 5.des.2007. – upplýsingar um búsetu fyrir Fjarskiptasjóð.**  
Oddvita falið að svara erindinu.
20. **Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2008, fyrri umræða.**

#### Nýting tekjustofna 2008.

Á fundi hreppsnefndar þann 14.nóvember var álagning hluta tekjustofna fyrir árið 2008 ákveðin sem hér segir :

*Útsvar:* Álagning ársins 13,03 %

**Fasteignagjöld :** A : Íbúðarhúsnæði 0,5% af heildar fasteignamati  
B : Opinbert húsnæði 1,32% af heildar fasteignamati  
C : Atvinnuhúsnæði 1,65% af heildar fasteignamati

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega vegna álagningar fasteignagjalda ársins 2008 verður háttað þannig að 0.5% af fasteignamati vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota verður fellt niður hjá þeim sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu.

**Lóðarleiga :** Meðfylgjandi drög að nýjum lóðarleigusamningi fyrir Tálknafjarðarhrepp . Lóðarleiga verði hér eftir ákveðin sem ákveðið hlutfall af fasteignamati lóðar.

A : Íbúðarhúsalóðir 1% af fasteignamati lóðar.  
B og C : Lóðir vegna atvinnurekstar 3% af fasteignamati lóðar.



**Holræsagjald :** 0,17% af heildar fasteignamati.

**Vatnsgjald :** 0,33% af heildar fasteignamati.

**Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Tálknafjarðarhreppi :** óbreytt gjaldskrá

Tálknafjarðarhrepps frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða.

Heildartekjur ársins 2008 áætlaðar 120.300.-

Styrkumsóknir:

Minjasafn Egils Ólafssonar	kr.	921.000
UMFT	“	300.000
Gönguhátið	“	50.000
Bjsv. Tálkni	“	360.000
Kvenfélagið Harpa	“	50.000
Sögufélag Barðastr.	“	60.000
Aðrir styrkir	“	300.000
Alls	Kr	2.041.000

Farið var yfir óskir deildarstjóra vegna fjárveitinga ársins, farið yfir helstu áherslur vegna framkvæmda og fjárhagsáætlun vísað til annarar umræðu þann 9. Janúar 2008. Samþykkt samhljóða.

**21. Sumarbyggð hf., hlutafjáraukning bréf dags. 7.desember 2007.**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps ætlar ekki að neyta forkaupsréttar vegna hlutafjáraukningar. Samþykkt samhljóða.

**22. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**

Oddviti greindi frá fyrsta fundi í fastanefnd fjórðungssambandsins í samgöngumálum. Stjórnarfundur var hjá fjórðungssambandi m.a. vegna skýrslu um staðarval fyrir olíuhreinsunarstöð. Útboð trygginga sveitarfélagsins er í vinnslu.

**Lagt fram :**

**23. Menntamálaráðuneytið dags. 29.nóv. 2007.**

- Ungt fólk 2007 – Grunnskólanemar, helstu niðurstöður.  
Lagt fram til kynningar

**24. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 26.nóv. 2007**

- Könnun á viðhorfi til starfsemi og þjónustu sambandsins.  
Lagt fram til kynningar

**25. Ungmennafélag Íslands dags. 14.nóv.2007.**

Lagt fram til kynningar

**26. Lánasjóður sveitarfélaga dags. 28.nóv.2007.**

- Fasteignafélag sveitarfélaga.  
Lagt fram til kynningar



**27. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 16.nóv.2007.**

- Fundargerð 748.fundar.  
Lagt fram til kynningar

**28. Þjóðskrá, bréf dags. 23.nóv.2007.**

- Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.45

Eyrlín Ingibj. Sigbórsd.  
Eyrlín Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðni J. Ólafsson  
Guðni J. Ólafsson

Bjarnveig Guðbrands  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Bragi G. Gunnarsson  
Bragi Geir Gunnarsson

Sigurvin Hreiðarsson  
Sigurvin Hreiðarsson

Ása Jónsdóttir  
Ása Jónsdóttir